

Skólagjaldatrygging

Skilmáli nr. S-9

Í skilmála þessum þýðir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. kafli Bótasvið

1. gr. Hver er váttryggður

Váttryggður er sá aðili sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Váttryggingin bætir

- 2.1. Hið váttryggða er skráningargjöld, skólagjöld og hver annar fyrirframgreiddur námskostnaður sem tilgreindur er á váttryggingarbeiðni eða váttryggingarskírteini/endurnýjunarkvittun og fæst ekki endurgreiddur
- 2.2. Bótaskyldur atburður er dauðsfall, skyndileg og alvarlega veikindi eða slys hins váttryggða, maka hans, sambýlismaka, barna hans, foreldra eða systkina, sem gerir váttryggðum ókleift að stunda nám.
- 2.3. Félagið greiðir bætur ef bótaskyldur atburður veldur því að váttryggður:
 - a) getur ekki hafið nám.
 - b) hættir námi innan 8 vikna frá upphafi kennsluárs.
 - c) hættir námi á fyrri helmingi styttra náms.
 - d) Hættir námi innan 8 vikna frá upphafi seinni annar kennsluárs og hefur tryggt sérstaklega skólagjöld eða viðbótarkostnað seinni annar fyrir upphaf hennar.

3. gr. Endurgreiðsla skólagjalda

Félagið greiðir ekki bætur vegna skólagjalda eða innritunarkostnaðar sem váttryggður á rétt á að fá endurgreiddan hjá viðkomandi skóla.

2. kafli. Almenn skilyrði

1. gr. Upphaf og lok váttryggingarinnar

- 1.1 Það er skilyrði fyrir gildistöku váttryggingarinnar að:
 - a) váttryggingin sé keypt eigi síðar en sama dag og greiðsla skráningar- og skólagjalda fer fram auk annars kostnaðar sem váttryggingin tekur til.
 - b) váttryggðum sé ekki kunnugt um yfirvofandi tjón.
- 1.2 Váttryggingin gildir frá þeim tíma sem tiltekin er á váttryggingarskírteini og þar til átta vikur eru liðnar frá upphafi kennsluárs eða helmingur styttri náms.
- 1.3 Iðgjaldið skal greitt áður en váttryggingin tekur gildi en greiðsla iðgjalds er skilyrði þess að ábyrgð félagsins hefjist.
- 1.4 Sé um það samið getur váttryggingin tekið til fleiri en eins skólaárs en þá endurnýjast hún árlega. Við endurnýjun sendir félagið váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Iðgjald skal greitt innan 30 daga frá gjalddaga sem kemur fram í greiðslutilkynningu. Sé iðgjald ekki greitt innan þessara 30 daga er félaginu heimilt að senda greiðsluáskorun um að greiða innan 14 daga. Sé iðgjald enn ógreitt að þeim tíma loknum fellur váttryggingin niður og ábyrgð félagsins lýkur. Falli váttryggingin niður með þessum hætti skal váttryggingartaki eigi að síður greiða iðgjald fyrir þann tíma sem váttryggingin var virk

2. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- 2.1 sem verða vegna veikinda sem rekja má til neyslu áfengra drykkja, fíknæfna eða lyfja sem ekki eru tekin samkvæmt læknisráði;
- 2.2 sem stafa beint eða óbeint af kjarnorku, jónandi geislun eða geislavirkum efnum;
- 2.3 sem orsakast af styrjöldum, borgarastríði, innrás, óeirðum eða sambærilegum aðgerðum;
- 2.4 af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla eða veira;
- 2.5 sem verða vegna sjúkdómsmeðferðar sem váttryggður gekkst undir eða sjúkdóms sem váttryggður var haldin áður en váttryggingin var keypt.

3. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs

- 3.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 3.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.

4. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

- 4.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 4.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 4.3 Hafi félagið fengið frá váttryggingartaka rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna getur það sagt upp váttryggingunni með 14 daga fyrirvara. Hafi váttryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið váttryggingunni án fyrirvara sem og öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu.
- 4.4 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við endurnýjun váttryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef félagið óskar þess skriflega sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 4.5 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.

5. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

- 5.1 Váttryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingarburð á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 5.2 Þegar váttryggður gerir bótakröfu skal hann framvísa læknisvottorði og staðfestingu skóla á afturköllun innritunar. Þar komi fram fjárhæð greiddra skráninga –og skólagjalda og hvaða hlut þeirra skólinn hefur endurgreitt. Reikningum, staðfstum bíkalista og öðrum gögnum til stuðnings bótakröfu skal framvísa vegna annars kostnaðar.
- 5.3 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hætt er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Váttryggðum ber að hlíta fyrirmælum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni váttryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 5.4 Váttryggðum ber að leita læknis strax og slys eða veikindi ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 5.5 Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggða, geri hann bótakröfu, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.
- 5.6 Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingasamningum vegna sömu atvika. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Eigi þessi grein við getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara sbr. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

6.gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

7. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

8. gr. Gjaldldagi bóta – vextir af tjónskröfu

- 8.1 Váttryggður, eða sá sem rétt á til bóta getur krafist greiðslu þeirra 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bóta sbr. 121. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga
- 8.2 Váttryggður á rétt á vöxtum af bótakröfu í samræmi við 123. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

9. gr. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir og samsvarandi iðgjald því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar hafi endurnýjunar verið óskað..

10. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gildir um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. gr. Heimili –Varnarþing-Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefndar váttryggingafélaganna og Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra eða Héraðsdómi Reykjavíkur nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Skilmáli þessi gildir frá 15.08.2007